

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Glerá.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2024/6



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Glerá fyrir neðan gömlu Glerárbrú, mynd er tekin í austur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2024/6

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	12
HEIMILDASKRÁ.....	13

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Akureyrarbæ vegna deiliskipulags við Glerá um 7,5 ha að stærð. Áformað er að koma á nýrri jöfnunarstöð fyrir strætisvagna Akureyrar (SVA) við Borgarbraut. Breytingarnar á deiliskipulaginu fjalla um fyrirhugaða uppbyggingu jöfnunarstöðvar og endurskoðun stíga meðfram ánni.¹ Framkvæmdasvæðið fylgir Glerá og nær skammt út fyrir hana bæði sunnan og norðan. Í austur nær það um 125 m niður fyrir Glerárbrú á Hörgárbraut. Í vestur upp fyrir gömlu Glerárbrúna við Lönguhlíð sem er notuð sem göngubrú í dag. Skráningin fór eftir uppmælingargögnum frá Akureyrarbæ. Til voru eldri fornleifaskráningar af svæðinu sem þurfti að uppfæra. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í lok september og byrjun október 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3365.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.² Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.³

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Lilja Filippusdóttir. (2024).

² Heimasíða Minjastofnunnar.

³ Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁴

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁵

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, loftmyndir og niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt eldri fornleifaskráningu af svæðinu. Til viðbótar þessu voru skoðaðar ýmsar aðrar heimildir s.s. gögn frá Héraðsskjalasafni Akureyrar, Iðnaðarsafninu, Vegagerðinni, fjölda blaðagreina ásamt bókum sem fjölluðu á einn eða annan hátt um svæðið. Þegar öll þessi gögn höfðu verið yfirfarin var farið í vettvangskonun þar sem gengið var um framkvæmdasvæðið. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki þar sem hægt var að komast að þeim, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2022 sem Akureyrarbær útvegaði. Einnig var notast að hluta til við tölvuteikningar frá Akureyrarbæ að stokknum og stíflunni í Glerá.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 3365-01

Hnit: A541247.0 N577111.6 ISN93

Sérheiti: Neðri-Glerárbrú

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Í tímaritinu Íslendingi frá 1919 segir: „Í vatnavöxtunum miklu s.l. mánaðarmót tapaðist fleki af Neðri Glerárbrú. Fleki þessi var úr tveim afltrjám – öðrumegin höggvið trje en hinumegin sívöl spíra og borð negld á milli.“⁸ Á Héraðsskjalasafninu á Akureyri er til Gjörðabók Neðri-Glerárbrúar frá 1915-1945 og samkvæmt upplýsingum úr henni kemur fram að fyrst árið 1919 leggja Akureyrarkaupstaður og Glæsibæjarhreppur fjármagn í þessa brú.⁹ Ekki er vitað nákvæmlega hvenær brúin var byggð en í færslu í Gjörðabókinni frá 24. apríl 1937 segir: „Í flóði því hinu mikla, er kom í Glerá s.l. vor féll Neðri-Glerár brúin niður, og rak niður á eyrar, eftir að hafa staðið nær óröskuð í 16 ár. ...Brú þessi er af öllum, er til þekkja, talin ómissandi, eigi einungis fyrir þorpsbúa, heldur einnig fyrir Akureyringa og næsveitarmenn, er ýmis erindi eiga hér um slóðir.“¹⁰ Í færslu frá 8. desember 1939 segir: „ Okkur hefir nú enn tekist að koma brúnni upp aftur á sama stað og áður, og jafnframt að ramma niður járnbjálka með búkkanum ca, meter niður í árbotninn – honum til styrkar.“¹¹

Á loftmynd frá 1951 frá Landmælingum Íslands er hægt að sjá Neðri-Glerárbrú sem er göngubrú sem hefur verið staðsett á svipuðum slóðum og austur hluti af núverandi brú yfir Glerárgötu er í dag. Ný brú var svo byggð á þessum stað árið 1953 með tvöfaldri akbraut og gangstétt beggja vegna við brúna.¹²

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁸ [Tilkynning], 1919

⁹ Héraðsskjalasafnið á Akureyri, 2012.

¹⁰ Gjörðarbók Neðri-Glerárbrúar, 1937.

¹¹ Gjörðarbók Neðri-Glerárbrúar, 1939.

¹² „Glerárbrú lokið“, 1953.



Mynd 1. Neðri-Glerárbrú, loftmynd frá Landmælingum Íslands frá 1951.

Fornleifanúmer: 3365-02

Hnit: A541202.9 N577053.3 ISN93

Sérheiti: Varnargarðurinn

Hlutverk: Iðnminjar

Tegund: Heimild

Í tímaritinu Íslendingi frá 1917 er grein sem fjallar um þá hættu sem stafar af Glerá. Þar segir að í hríðum hafi ýmist Glerá eða Tóvélalækurinn bólgnað út og farið úr farvegi sínum og flætt suður að húsunum á Oddeyri með tilheyrandi tjóni. Alvarlegri staða sé í leysingum á vorin og berist með ánni mikið af grjóti og aur. Eitthvað af því fari áfram út í sjó en mikið verði eftir í árfarveginum sem valdi því að hann breytist með tilheyrandi tjóni. Nauðsynlegt sé því að gera varnargarð til þess að halda Gleránni í farvegi sínum.¹³

Í Morgunblaðinu 1919 segir: „Varnargarður við Glerá. Nú er verið að undirbúa byggingu, hans, búið er að taka upp mikið af grjóti og verið að aka því á staðinn, þar sem garðurinn á að hlaðast. Er þetta verk hið þarfasta, því að allur ytri hluti bæjarins liggur undir stórskemmdum af völdum Glerár á vissum tíma árs.“¹⁴ Í tímaritinu Íslendingi frá 1920 segir:

„Varnargarðurinn við Glerá verður fullgerður í sumar. Aldrei fór áin í vetur yfir þann hluta, sem fullgerður var, og engum steini hefir hún enn rótað í honum, þrátt fyrir hrakspár sumra manna, sem vitið þykjast hafa.“¹⁵ Á heimasíðu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri segir að varnargarðurinn hafi verið gerður árin 1919 og 1920.¹⁶

Varnargarðurinn var kortlagður eftir loftmynd frá 1958 af map.is¹⁷ og að hluta til eftir loftmynd frá Landmælingum Íslands frá 1951.¹⁸ Samkvæmt þeim myndum virðist varnargarðurinn hafa byrjað um 17 m norð-vestan við Dalsbraut 1L-M og legið með Gleránni

¹³ „Akureyri og árnar í grend við hana“, 1917.

¹⁴ „Utan af landi“, 1919.


¹⁵ „Akureyri. Varnargarðurinn.“, 1920.

¹⁶ Héraðsskjalasafnið á Akureyri, 2019

¹⁷ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

¹⁸ Landmælingar Íslands – loftmynd 1951 (óskönnuð).

um 319 m að Neðri-Glerárbrú. Frá brúnni um 11 m bútur að Vélalæknum og síðan 208 m niður með Glerá. Svæðið er gjörbreytt frá þeim tíma sem loftmyndin var tekin og stór hluti að því svæði sem varnargarðurinn var eru núna vegir og byggingar. Engar leifar sjást lengur af þessum varnargarði. Einhverjir varnargarðar virðast þó hafa verið reistir áður því í Sögu Akureyrar segir: „Það var því ekki vegna sinnuleysis að Oddeyringar sóttu fyrst 1886 um fjárframlög úr bæjarsjóði beinlínis til að verjast yfirgangi árinna. Eins og vænta mátti var það Gránufélagið sem hafði forgöngu um málið. Verslunarstjóri félagsins, Jakob V. Havsteen, hafði látið gera varnargarða til að verjast Gleránni og vildi að bæjarsjóður greiddi kostnaðinn.“¹⁹ Ekki fundust frekari upplýsingar um þá varnargarða eða hvort þeir hafi verið á sama stað og sá sem var reistur á árunum 1919-1920.



Mynd 2. Varnargarðurinn, loftmynd frá Landmælingum Íslands frá 1946.

¹⁹ Jón Hjaltason, 1994, bls. 126.

Sérheiti: Vélalækurinn

Hlutverk: Veita

Tegund: Heimild

Í skýrslunni Gefjunarstíflu í Glerá af heimasíðu Iðnaðarsafnsins er fjallað um Vélalækinn en þar segir: „Vatnið frá vatnstúrbínuhjólinu eða Vélalækurinn eins og frárennslið nefndist rann fyrst í suður eða suðaustur að brekkurótinni og síðan eftir gömlum farvegi eða kvísl úr Glerá í sem næst beint í austur til sjávar. Síðar var farvegi Vélalækjarins breytt og honum vísað út í Gleránnu austan við núverandi Glerárgötu.“²⁰ Ekki fundust upplýsingar um hvaða ár vélalækurinn var færður en heimildarmaður hélt að það hafi gerst eitthvað á milli 1920-1930.²¹ Samkvæmt loftmynd frá 1951²² þá virðist hann hafa legið frá suð-vestur hluta Glerártorgs í 65 m í austur og svo beygir hann í norð-austur og liggur þaðan um 257 m og sameinast Glerá skammt austan við brúna yfir Glerárgötu. Hann virðist hafa verið eitthvað í kringum 3 m á breidd samkvæmt loftmyndinni. Á loftmynd frá 1958 er búið að fylla upp í skurðinn en það er þó hægt að sjá ummerki á myndinni eftir hann.²³



Mynd 3. Vélalækurinn, loftmynd frá Landmælingum Íslands frá 1951.

²⁰ Gefjunarstífla í Glerá, bls. 12.

²¹ Þorsteinn Einar Arnórsson, munnleg heimild.

²² Landmælingar Íslands – loftmynd 1951 (óskönnuð).

²³ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

Sérheiti: Stokkurinn

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Steinsteypa

Í heftinu Glerárþorp – 100 ára byggð segir: „Upphafs þessa máls er, að árið 1897 voru stofnuð í Eyjafirði samtök til þess að koma á fót tóvinnuvélum. Var fyrirtæki þessu valinn staður við Glerá, þar sem nú er Ullarverksmiðjan Gefjun, arftaki gömlu tóvinnuvélana. Stífla var byggð í Gleránni rétt neðan við gljúfrin og vatnið leitt í stokk til vélahússins.“²⁴

Í skýrslunni Gefjunarstíflu í Glerá af heimasíðu Iðnaðarsafnsins er vísað í elstu lýsingu af vatnsleiðslunni til tóvélanna en búið að uppfæra mælingar til nútíma mælieininga en þar segir: „Vatnsleiðslan er um 300 faðma (564 m.) og frá vélunum viðlíka langt.“ Skurður til vélanna er víða 3-5 álnir (1,9-3,1 m) djúpur víða barinn og sprengdur með dýnamít gegnum klappir; á hér um bil 35 föðmum (6.5 m) er hlaðinn 5-6 álna (3,1-3,8 m) hár garður undir vatnið.

Vatnið er tekið úr Glerá þar sem hún fellur fram úr gljúfrum eru þar klappir á báðar hliðar svo áinn breytir þar ekki farvegi sínum. Vatnið hefur 16 feta (5 m) fall á Túrbínuna sem hreyfir vélarnar.“²⁵ Stokkurinn er nú að mestu niðurgraffinn var hann kortlagður út frá loftmyndum frá 1958 af map.is og samkvæmt þeim þá liggur hann frá stíflunni í Glerá fyrst í suð-austur og svo austur samtals um 363 m.²⁶ Til hliðsjónar var tölvuteikning frá Akureyrarbæ sem var einnig gerð eftir loftmynd en teikningin í þessari skýrslu var gerð lengra austur en sú teikning. Búið var að grafa tvær rannsóknarholur og í fyrri holunni nær stíflunni var stokkurinn steypur u-laga, 105 cm djúpur og 125 cm breiður með 13 cm þykkum veggjum. Í seinni sem var nær Borgarbrautinni voru hliðar stokksins fallnar líklega vegna vegaframkvæmda.²⁷ Ekki er talið að miklar líkur séu á því að eitthvað sé eftir að stokknum eftir að hann nær að Borgarbraut eða austur frá henni vegna framkvæmda.



Mynd 3. Leifar af stokknum í læknum sem rennur í miðju svæðisins niður í Glerá, mynd er tekin í suður.

²⁴ Lárus Zophoníasson, 1980, bls. 8.

²⁵ Gefjunarstífla í Glerá, bls. 5.

²⁶ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

²⁷ Gefjunarstífla í Glerá, bls. 8.

Sérheiti: Gefjunarstífla

Hlutverk: Stífla

Tegund: Tréverk/steinsteypa

Í skýrslunni Gefjunarstíflu í Glerá sem er údráttur úr skýrslu um sögu og vatnsafsnýtingar, orkumála og iðnaðar á Akureyri frá 2010 er nokkuð góð lýsing á stíflunni. Þar segir að stíflan sé byggð að hluta til á klettum sem hafi myndað foss eða flúðir í ánni. Norðan megin var vatnsrás um 2 m á breidd og þar hafi verið hægt að setja tré borð sem var raðað í þar tilgerðar rásir til þess að veita vatninu að vatnsinntakinu. Sunnan megin hafi líka verið vatnsrás innan við 1 m að breidd og hafi einnig verið hægt að setja tré borð þar í ef mjög lítið var í ánni. Tréverkið ofan á stífluveggnum sé mjög illa farið og hafi látið mikið á sjá á síðustu árum.²⁸ Tölvuteikning var til af stíflunni sem Akureyrarbær hafði gert eftir loftmynd, notast var við þá teikningu í skýrslunni vegna þess hve aðgengi til mælinga á staðnum var erfitt. Samkvæmt þeirri teikningu var tréverkið um 3,2 m á breidd en samkvæmt gps mælingu á staðnum var það um 2 m á breidd. Jafnframt var steypdur veggur sunnan megin í Gleránni um 54 m langur og náði bæði austur og vestur fyrir stífluna. Hluti af veggnum var sýnilegur á staðnum en erfitt reyndist að mæla hann upp þar sem hann var þakinn jarðvegi og var því notast við loftmyndir frá 1958²⁹ til þess að kortleggja þá hluta sem ekki voru sýnilegir við vettvangsskráningu. Krani fyrir vatnsinntakið var í horninu á veggnum um 11 m norð-vestan við stífluna sunnan megin í Gleránni.



Mynd 4. Gefjunarstífla, mynd er tekin í norð-austur.

²⁸ Gefjunarstífla í Glerá, bls. 10.

²⁹ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

Sérheiti: Glerárbrú

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Hleðsla

Í Degi frá 1933 segir: „Nýjar brýr. Brú er nú verið að leggja yfir Glerá, fyrir austan gömlu brúna, sem er orðin af sér gengin. Nýja brúin er gerð úr steinsteypu.“³⁰ Brú þessi stendur ennþá og er notuð sem göngubrú milli Borgarbrautar og Lönguhlíðar. Fast vestan við þessa brú eru leifar af eldri brú. Í Fjallkonunni frá 1904 segir: „Þjóðvegurinn út frá Akureyri er nú fullgerður út frá Glerá, ásamt brú yfir hana, er Fjallk. Skrifað 7. Þ. m. Vegurinn er að þeim dómi þeirra, sem vit hafa á einna fallegastur og vandaðastur af vegum þeim, sem hér hafa verið gerðir. Brúin er afar-vönduð og traust að sjá, smíðuð af timburmeistara Jónasi Gunnarssyni á Akureyri. Kennari Páll Jónsson á Akureyri, sem var verkstjóri við þennan veg, fær hrós fyrir hagsýni og vandvirkni við það verk, því að víða var þar mjög örðugt og vandasamt að gera góðan veg. Mikil hagræði er að þessum vegi og brúnni nú þegar, en stórkostlegur hagur verður að honum, þegar hann er kominn út að Hörgárbrú, sem vonandi verður ekki langt að bíða.“³¹

Erfiðlega reyndist að mæla upp leifarnar af brúnni eða meta umfang hennar þar sem aðgengi að henni var erfitt og jafnframt var gróið yfir hana. Brúar stöplarnir eru beggja megin við Glerá og breidd um 3 m norðan ár og 3-4 m sunnan ár. Stöplarnir eru hlaðnir og hæð þeirra eru um 2,1-2,5 m..



Mynd 5. Leifar af gömlu Glerárbrú, fast vestan við Glerárbrú frá 1933, mynd tekin í suð-vestur.

³⁰ „Nýjar brýr“, 1933.

³¹ „Þjóðvegurinn, 1904.“

Fornleifanúmer: 3365-07

Hnit: A540747.6 N576938.5ISN93

Sérheiti: Gil

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í heftinu Glerárþorp – 100 ára byggð segir: „Á árunum 1919-1921 hefur sóknarmannatal í Lögmannshlíðarsókn fallið niður, en á sóknarmanntalinu árið 1922 eru nefnd 5 býli sem þar höfðu ekki áður verið. Voru það Baldursheimur, Gil, Nordhalla og Skarð. ...Gil. Þar byggði Emil Petersen og bjó þar fyrstur, ásamt ráðskonu sinni, Guðnýju Jónsdóttur. Þau höfðu áður búið að Gili í Öxnadal og nafn býlisins eflaust þaðan komð. Gil er nú Langahlíð 26, en hefur verið endurbyggt.“³² Í bókinni Baráttan um brauðið eftir Tryggva Emilsson segir hann frá þegar hann flutti norður aftur árið 1925: „En þegar norður kom sýndist mér ekki hæfði lengur að byggja íbúðarhús úr torfi og grjóti og eins þó flestir kofar þar í kring voru torfbærir og þar með hús föður míns.“³³ Í Lönguhlíð 26 er einbýlishús byggt 1945 samkvæmt fasteignaskrá.³⁴

Fornleifanúmer: 3365-08

Hnit: A540832.7 N576877 ISN93

Sérheiti: Árbakki

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í heftinu Glerárþorp – 100 ára byggð segir: „Árið 1918, fullveldisárið voru byggð 4 býli, Árbakki, Lundeyri, Steinholt og Viðarholt. Árbakki er nú Langahlíð 11. Þar voru fyrstu húsráðendur Pálmi Gíslason og Sigrún Sigurðardóttir.“³⁵ Í Lönguhlíð 11 er einbýlishús byggt 1943 samkvæmt fasteignaskrá.³⁶

Fornleifanúmer: 3365-09

Hnit: A540832.7 N576877 ISN93

Sérheiti: Glerárbakki

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í heftinu Glerárþorp – 100 ára byggð segir: „Fram til þessa höfðu öll býlin í Glerárþorpi, nema Melgerði, verið byggð hið næsta Sandgerðisbótinni, en árið 1902 byggðu Friðrik Einarsson og Helga Jóhannesdóttir bæ suður við Glerána og nefndu Glerárbakka. Síðar, þegar byggt var upp á Glerárbakka var húsið flutt töluvert nær ánni og er það nú nr. 3 við Skarðshlíð.³⁷ Í Skarðshlíð 3 er einbýlishús byggt 1944 samkvæmt fasteignaskrá.³⁸

³² Lárus Zophoníasson, 1980, bls. 29.

³³ Tryggvi Emilsson, 1977, bls. 99-100.

³⁴ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

³⁵ Lárus Zophoníasson, 1980, bls. 28.

³⁶ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

³⁷ Lárus Zophoníasson, 1980, bls. 19.

³⁸ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.



nafn: GLERÁ AKUREYRI	teikn. 18.11.2024 hj mællkv. 1:4000 í A4	Skýringar: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri deiliskipulags í Glerá.	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s. 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2022
----------------------------	---	---	--

5. Samantekt

Stór hluti af deiliskipulaginu er innan Glerár og miklar breytingar hafa orðið á svæðinu á tiltölulega stuttum tíma. Þar sem Gleráin hefur breitt út sér á svæðinu í gegnum tíðina þá voru ekki miklar líkur að mikið af minjum væri á svæðinu fyrr en farið var að hemja Glerá með varnargörðum. Í þessari skráningu voru skráðir níu minjastaðir og af þeim eru aðeins leifar af þremur. Hinir hafa þurft að víkja fyrir seinni tíma framkvæmdum. Í þessu verkefni var notast mikið við loftmyndir og blaðagreinar til þess að reyna að staðsetja minjarnar og finna út aldur þeirra. Það eru ýmis fleiri mannvirki sem hafa staðið þarna sem eru ekki lengur til staðar en teljast þó ekki til fornleifa þar sem þau hafa ekki náð 100 ára aldri eins og segir í lögum um menningarminjar. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 9. desember 2024
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Akureyri og árnar í grend við hana.(1917, 12. janúar). Íslendingur, 6.

Akureyri. Varnargarðurinn. (1920, 18. júní). Íslendingur, 111.

Gefjunarstífla í Glerá. Údráttur úr skýrslu um sögu vatnsaflsnýtingar, orkumála og iðnaðar á Akureyri frá 2010. <http://www.idnadarsafnid.is/static/files/pdf/stiflan-afangaskýrsla-fyrir-heimasiduna.pdf>

Glerárbrú lokið. (1953, 3. Júlí). Visir,6.

Gjörðabók Neðri-Glerárbrúar. 1915-1945.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða HMS, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit>. Skoðað 19.11.2024.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Héraðsskjalasafnið á Akureyri. (06.11.2019). Glerárgarðurinn - varnir gegn ágangi Glerár. Fréttir <https://www.herak.is/is/frettir/glerargardurinn-varnir-gegn-agangi-glerar>

Héraðsskjalasafnið á Akureyri. (04.05.2012). Um fyrstu brýr á Glerá. Fréttir <https://www.herak.is/is/frettir/um-fyrstu-bryr-a-glera>

Jón Hjaltason. Saga Akureyrar, 1863-1905. II bindi. (1994). Akureyrarbær. Akureyri.

Lárus Zophoníasson. Glerárþorp – 100 ára byggð. Sérprent úr Súlum. (1980). Prentsmiðja Björns Jónssonar. Akureyri.

Landmælingar Íslands – óskannaðar loftmyndir frá Akureyri frá 1946 og 1951.

Lilja Filippusdóttir. (2024). Glerá, frá stíflu til sjávar. Skipulagsbreyting (í vinnslu).

Loftmyndir ehf - MAP.IS Sótt af <https://www.map.is/base/@540474,576842,z12,0> Skoðað 10.11.2024

Nýjar brýr. (1933, 25. maí). Dagur, 84.

[Tilkynning] (1919, 13. júní). Íslendingur, 104.

Tryggvi Emilsson. Baráttan um brauðið. Æviminningar. Annað bindi. (1977). Mál og Menning. Reykjavík.

Útan af landi. (26.01.1919). Morgunblaðið, 2.

Þjóðvegurinn. (1904, 22. nóvember). Fjallkonan, 184.

Heimildarmenn:

Þorsteinn Einar Arnórsson, 1947, Kjarnagötu 45, Akureyri.